



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101

158. FUNDUR SKÓLANEFNDAR

21. nóvember 1990

Mættir: Sigríður Jóhannesdóttir, formaður, Kristbjörn Albertsson, Guðjón Kristjánsson, Guðbjörg Ingimundardóttir, Gísli Torfason, Jón Sæmundsson, Jón Páll Eyjólfsson og Hjálmar Arnason, skólameistari.

Dagskrá:

1. Húsnæðismál
2. Innritunargjöld á vorönn 1991
3. Ráðning kennara á netagerðarbraut
4. Þakkir til ýmissa fyrir gjafir til skólans
5. Styrkur til Frakklandsfara
6. Önnur mál

Formaður setti fund og bauð Kristbjörn Albertsson velkominn til starfa.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

1. Húsnæðismál.

Undirnefnd stjórnar SSS um húsnæðismál FS hélt fund með skólameistara s.l. fimmtudag. Þessi fundur var undirbúningur undir fund með Hákonni Torfasyni í ráðuneytinu þar sem rædd voru húsnæðismál skólans. Stjórn SSS mun fjalla um þessi mál á næsta fundi sínum. Stjórn Nemendafélags FS hefur sent erindi til stjórnar SSS um aðstöðuleysi nemenda í skólanum. Stjórnendur FS hafa beðið í fjögur ár eftir ákvörðun stjórnar SSS um húsnæðismál skólans í frámhaldi af skýrslu sem nefnd á vegum SSS vann á sínum tíma. Brýnt er að tekin verði ákvörðun hið fyrsta svo hægt sé að fara að vinna að framgangi málsins.

2. Innritunargjöld á vorönn 1991.

Tillaga um óbreytt innritunargjöld, kr. 4.500, var samþykkt. Nokkur umræða um skiptingu innritunargjalda og fjárhag skólans.

3. Ráðning kennara á netagerðarbraut.

Tvær umsóknir hafa borist. Skólanefnd mælir einróma með ráðningu Björns A. Bjarnasonar. Fram kom sú skoðun nefndarmanna að að öllu jöfnu skuli ráða heimamenn í störf við skólann. Umræða var um launakjör og nauðsyn þess að senda gögn til nefndarmanna fyrir fundi um þau mál sem þarf að taka ákvörðun um.

4. Þakkir til ýmissa fyrir gjafir til skólans.

Skólanum hafa borist nokkrar gjafir að undanfögnu. Hekla hf gaf búnað á vélstjórnarbraut, Hitaveita Suðurnesja gaf rafmagnsstreng, Apótek Keflavíkur gaf efni og tæki til raungreinadeildar og Verslunarmannafélag Suðurnesja gaf bækur í tilefni af ári læsis. Skólanefnd færir þessum aðilum bestu þakkir.


5. Styrkur til Frakklandsfara.

Nemendur í frönsku við FS óska eftir styrk til Frakklandsferðar um næstu páska að upphæð kr. 150.000. Skólanefnd samþykkir óskina með öllum greiddum atkvæðum.

6. Önnur mál.

- a) Fréttabréf til foreldra nemenda á 1. og 2. ári var sent út nýlega. Í því eru almennar upplýsingar um skólann og því fylgdu útskrift á fjarvistum viðkomandi nemanda. Þetta hefur mælst vel fyrir og mun því verða haldið áfram. Skólanefndarmenn óskuðu eftir því að fá slík gögn send í framtíðinni.
- b) Skólameistari kynnti hugmynd að bréfi til formanns fjárveitinganefndar Alþingis þar sem vakin er athygli á því að framsetning á ýmsum liðum til framhaldsskólanna í drögum að fjárlögum fyrir árið 1991 stangist á við fjárhagslegt sjálfstæði einstakra skóla, skv. lögum um framhaldsskóla. Skólanefnd samþykkir að senda slíkt bréf.
- c) Umræða var um félagslíf og dansleikjahald NFS. Sýndist sitt hverjum. Fram kom í máli formans NFS að húsaleigukostnaður vegna dansleikjahalds er miklu hærri hjá NFS en öðrum framhaldsskólum.
- d) Á morgun verður haldinn í FS rabbfundur með nokkrum nemendum um skólann.
- e) Skólameistari leggur til að á næsta fundi nefndarinnar verði húsnaði skólans skoðað og var það samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Sigríður Jóhannesdóttir
formaður


Hulda Björk Þorkelsdóttir
fundarritari